

**Ed.**

**502. Frumvarp**

til laga um varnir gegn því, að gin- og klaufaveiki og aðrir alidýrasjúkdómar berist til landsins.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Bannað er öllum að flytja hingað til lands frá útlöndum lifandi spendýr. Þó má atvinnumálaráðuneytið veita undanþágu frá banni þessu, ef sjerstacklega stendur á, enda setji þá reglur í hvert sinn, er öruggar sjeu til varnar því, að hingað berist alidýrasjúkdómar með dýrum þeim, sem hingað kynni að verða leyfður innflutningur á.

2. gr.

Frá löndum þeim og landshlutum, þar sem gin- og klaufaveiki eða aðrir hættulegir og næmir alidýrasjúkdómar ganga eða eru orðnir landlægir í, er bannaður allur innflutningur á fuglum, heyi, hálm, alidýraáburði, hráum og litt söltuðum sláturafurðum, hverju nafni sem nefnast, ósoðinni mjólk, smjöri, ostum, eggjum og þureggjum, hverskonar fóðurvörum frá mjólkurbúum, brúkuðum fóðurmjólsekkjum, tuskum allskonar, ull, brúkuðum fatnaði, fíðri, fjöðrum og dúni. Þó má flytja inn ull til verksmiðja undir öruggu eftirliti.

Frá sömu löndum og landshlutum er ennfremur bannaður innflutningur á stráteppum, körfum úr strái, dýrahári og vörum, sem gerðar eru úr því, svo sem burstavörum allskonar, penslum, kústum og hrosshársborðum.

Innflutningsbann á vörum þeim, sem upp eru taldar í annari málsg., kemur þó ekki til framkvæmda, ef vörurnar hafa verið sótthreinsaðar áður en þær voru fluttar í skip og vottorð um það fylgir farmskrá.

3. gr.

Atvinnumálaráðuneytinu er heimilt að banna einnig með auglýsingu innflutning frá sömu löndum og landshlutum á öðrum þeim vörum, sem hætta telst á, að sóttnæmi geti borist með.

4. gr.

Hver sá maður, sem kemur hingað til lands frá útlöndum, skal á fyrstu höfn, sem skipið hafnar sig á, áður en hann stígur af skipsfjöl gefa lögreglustjóra eða sóttvarnarlækni yfirlýsingu, að viðlögðum drengskap, um það, hvort hann hafi á síðustu þrem mánuðum áður en hann lagði í haf frá útlöndum dvalið í sveit, þar sem gin- og klaufaveiki eða aðrir næmir alidýrasjúkdómar hafa gengið síðastliðið ár.

Hafi slíkur farþegi dvalið í sýktu hjerði á síðustu þremur mánuðum, má hann ekki fara neitt burtu út um sveitir eða þangað, sem búpeningur er, fyr en þrjú mánuðir eru liðnir frá því hann ljet í haf frá útlöndum, nema hann og farangur hans hafi verið rækilega sótthreinsaður, enda leyfi lögreglustjóri för hans. En ef hann hefir dvalið á sýktu heimili, skal hann og farangur hans sótthreinsaður þegar eftir að hann stje á land.

5. gr.

Brot gegn 1. og 2. gr. og auglýsingum, sem atvinnumálaráðuneytið gefur út samkv. 3. gr., varða sektum, frá 100—1000 kr., fyrir skipstjóra þann, er dýrin eða bannvöruna flutti inn, og jafnháum fyrir eigandann, og skulu dýrin og bannvaran gerð upptæk, dýrunum lógað, en varan ónýtt, að tilhlutun lögreglustjóra, nema eigandi kjósi heldur að láta það fara óhreyft í skipinu aftur til útlanda, undir umsjón lögreglustjóra, og borga allan kostnað, er af því leiðir.

Brot gegn reglum þeim, sem settar eru samkvæmt 1. gr., varða eiganda 100—1000 kr. sektum, enda bæti hann að auki allan skaða, er af þeim dýrum hlýst, er hann flutti inn án leyfis eða hirti ekki samkv. reglum ráðuneytisins.

Brot gegn 4. gr. varða sektum, frá 100—1000 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum. Sá, sem brotlegur verður, skal auk þess bæta allt það tjón, er hljótast kann af óhlýðni hans.

Sektir allar skulu renna í ríkissjóð.

Mál, er risa kunna út af brotum gegn lögum þessum, skulu rekin sem almenn lögreglumál.

6. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númer lög nr. 22, 15. júní 1926, um innflutningsbann á dýrum o. fl.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.